



Borgarráð

Reykjavík, 26. ágúst 2024
FAS24070012

Fossaleynir 16, afnotasamningur um geymslusvæði

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi afnotasamningi við Nortek ehf. kt.711296-4099 um svæði í Fossaleyni fyrir lager.

Greinargerð

Um er að ræða afnotasamning um 216 fermetra borgarland við Fossaleyni í Grafarvogi undir geymslusvæði sem afmarkast eins og sjá má í viðhengdri samningsdrögum. Umrætt svæði er hluti af vegstæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

Leigutaki verður með geymslusvæði fyrir vörur sem leigutaki notar meðal annars í þjónustu fyrir Vegagerðina og þjónustudeild Reykjavíkurborgar.

Samningurinn er ótímabundinn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Leigugjald er 1.000.000 kr. á ári.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:
Afnotasamningur við Nortek ehf. dags 26.08.2024

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „leigusali“) og Nortek ehf., kt. 711296-4099, Fossaleyni 16, 112 Reykjavík (hér eftir nefndur „leigutaki“), gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. gr.

Hið leigða

Leigutaki tekur á leigu um 216m² svæði af borgarlandi sunnan við atvinnulóð sem leigutaki er með rekstur sinn á, sbr. fylgiskjal 1.

Leigutaki mun setja niður á eigin kostnað öryggisgirðingu utanum hið leigða sem notað verður sem geymslusvæði leigutaka. Óheimilt er að nota hið leigða til annars en geymslusvæði vegna reksturs leigutaka. Umrætt svæði er hluti af vegstæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og því er um að ræða ótímabundinn samning með uppsagnarákvæði. Undir svæðinu liggja lagnir frá Veitum ohf. Leigutaki skal sjá um að afla allra leyfa frá Veitum vegna nýtingu á þessu svæði ef þess þarf.

2. gr.

Leigugjald

Leiga greiðist fyrir afnotin 1.000.000 kr. á ári og tekur breytingum við áramót miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem við undirritun samnings þessa sem er 630,3 stig. Leigugjaldið greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. september ár hvert og eindaga 15 dögum síðar. Fyrsti gjalddagi er 1. september 2024.

3. gr.

Gildistími

Afnotasamningur þessi er ótímabundinn en er uppsejjanlegur af hálfu leigutaka og leigusala með 6 mánaða fyrirvara. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila.

4. gr.

Rekstrarkostnaður og viðhald

Frá upphafi leigutíma skal leigutaki greiða allan kostnað vegna reksturs hins leigða.

5. gr.

Skil á hinu leigða

Við lok samnings þessa skal leigutaki skila hinu leigða til leigusala. Leigutaki skal við samningslok fjarlægja grindverk, lausabúnað og hreinsa og skila svæðinu í ásættanlegu ástandi. Verði leigutaki ekki við þessu er leigusala heimilt að fjarlægja allt af hinu leigða á kostnað leigutaka.

6. gr.

Nýting á hinu leigða

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir um í 1. gr. Öll önnur framleiga og framsal er óheimil. Hætti leigutaki starfsemi sinni í Fossaleyni 16 bera að skila svæðinu aftur til leigusala.

7. gr.

Riftun

Brot á ákvæðum sammings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

8. gr.

Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 26. ágúst 2024

Leigusali:


f.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykki borgarraðs

Leigutaki:


f.h. Nortek ehf.


Nortek
11296-4099

Vottar að rétttri dags., undirskrift
og fjárræði aðila:


1412 58-4279

Fylgiskjal:

Nr. 1 Afmörkun hins leigða

Fylgiskjal 1



Handwritten signature and initials